


12.02.2020

88% STJÓRNENDA FRAMLEIÐSLUFYRIR- TÆKJA ÆTLA AÐ GRÍPA TIL HAGRÆÐINGA

Niðurstöður könnunar sem Outcome framkvæmdi fyrir Samtök iðnaðarins meðal stjórnenda íslenskra framleiðslufyrirtækja gefa til kynna að árið 2020 verði ár hagræðinga þar sem fyrirtækin í greininni bregðast við áskorunum og krefjandi starfsumhverfi. 88% svarenda segja mjög líklegt eða frekar líklegt að þeirra fyrirtæki grípi til hagræðingaraðgerða á þessu ári. Allir stjórnendur stórra og meðalstórra fyrirtækja í greininni segjast ætla að ráðast í slíkar aðgerðir á árinu.

Hversu líklegt er að þitt fyrirtæki grípi til hagræðingaraðgerða á árinu 2020?



Niðurstöðurnar benda til þess að framhald verði á þeirri þróun sem þegar er hafin en launþegum í framleiðsluiðnaði hefur fækkað undanfarið. Fækkunin var komin í 4% í október í fyrra. Þetta gæti haft umtalsverð áhrif en í framleiðsluiðnaði starfa rétt tæplega 18 þúsund aðilar sem er um 9% af heildarfjölda starfandi hér á landi. En benda má á að verðmætasköpun fyrirtækja í greininni er einnig umtalsverð eða um 8% af heildarverðmætasköpun hagkerfisins.

Í svörum stjórnendanna kemur m.a. fram þörfin fyrir að bæta starfskilyrði iðnfyrirtækja um þessar mundir. Einn þeirra sagði: Það „verður að bæta starfskilyrði framleiðslufyrirtækja hér á landi ef einhver iðnaður á að lifa í þessu landi!“.

LAUNAKOSTNAÐURINN ÍÞYNGJANDI FYRIR FRAMLEIÐSLUIÐNAÐINN


Í könnuninni voru stjórnendur framleiðslufyrirtækjanna beðnir um að meta helstu áskoranir í þeirra rekstri. Spurt var um launakostnað, aðgengi að mannauði, sveiflur í efnahagsmálum og starfsumhverfi, skatta og opinber gjöld, aðgengi að lánsfjármagni og vöxtum, opinbert eftirlit og löggjöf og aukna áherslu á umhverfis- og loftslagsmál. Hver áskorun er metin á skalanum 1 til 5, þar sem 1 er mjög lítil áskorun og 5 er mjög mikil áskorun.

Launakostnaður er sú áskorun sem flestir stjórnendanna sögðu vera mjög mikla um þessar mundir. Meðaltal svara við launakostnað hér á landi er 4,55 af 5 og er sá þáttur sem stjórnendur framleiðslufyrirtækja telja mesta áskorun um þessar mundir. Í ábendingum frá stjórnendum kemur það einnig sterklega í ljós:

- „Laun og launatengd gjöld eru að ganga mjög nærri litlum og meðalstórum framleiðslufyrirtækjum þar sem erfitt er að koma miklu út í verðlagið.“
- „Launahækkningar síðustu kjarasamninga eru ekki í neinum takti við getu íslensks framleiðsluiðnaðar. Samkeppnisstaða gagnvart innfluttri vöru versnar enn frekar.“
- „Launakostnaður mjög þungur. Launahlutfall miðað við veltu orðið hærra en við höfum séð áður. Erfitt að hækka verð til að mæta auknum kostnaði.“

Kemur afstaða stjórnenda heim og saman við tölur um að laun hér á landi á vinnustund séu nú með þeim hæstu innan iðnvæðra ríkja. Raungengi krónunnar á mælikvarða launa stendur sögulega hátt um þessar mundir og hefur hækkað umtalsvert á síðustu árum. Samkeppnisstaða fyrirtækja sem helst eru að keppa við erlend, líkt og fyrirtæki innan framleiðsluiðnaðarinnar eru að gera, er því veik m.t.t. launakostnaðar. Fyrirtækin eru að takast á við þessa stöðu á sama tíma og samdráttur er víða í eftirspurn, t.d. á innlendum markaði.

Hversu miklar eru neðangreindar áskoranir í þínum rekstri um þessar mundir á skallanum 1 til 5, þar sem 1 er mjög lítil áskorun og 5 er mjög mikil áskorun?



MIKLAR ÁSKORANIR Í HÁUM SKÖTTUM OG GJÖLDUM

Háir skattar og sveiflur í efnahagsmálum og starfsumhverfi meta stjórnendur einnig sem mikla áskorun í íslenskum framleiðsluiðnaði.

Meðaltal svara stjórnenda framleiðslufyrirtækja við hversu mikil áskorun skattar og gjöld hér á landi eru í þeirra rekstri er hátt eða 4,12. Kemur það ekki á óvart en skattheimta á íslensk fyrirtæki er há í alþjóðlegum samanburði. Skattar á fyrirtæki voru hækkaðir eftir efnahagsáfallið 2008 í þeirri viðleitni að loka fjárlagagatinu sem þá var. Skattabreytingar þessar hafa að stórum hluta fest sig í sessi. Má í því sambandi nefna tryggingagjaldið, en hátt tryggingagjald eykur launakostnað fyrirtækja og dregur úr afli þeirra til að ráða starfsmenn og veikir samkeppnishæfni þeirra gagnvart erlendum keppinautum. Annað dæmi eru fasteignaskattar á fyrirtæki sem eru afar háir hér á landi í alþjóðlegum samanburði líkt og kemur fram í nýlegri greiningu SI um það efni.¹

¹ https://www.si.is/media/_eplica-uppsetning/Greining-SI_Fasteignaskattar-a-fyrirtaeki_27-01-2020.pdf

HAGSVEIFLURNAR ERU UMTALSVERÐ ÁSKORUN


Meðaltal svara stjórnenda framleiðslufyrirtækja við hversu mikil áskorun sveiflur í efnahagsmálum og starfsumhverfi hér á landi eru í þeirra rekstri er einnig hátt eða 3,72. Í svörum stjórnenda kemur m.a. fram að „það vanti meiri fyrirsjáanleika í rekstrarumhverfi fyrirtækja“. Miklar hagsveiflur hafa einkennt íslenskt efnahagslíf og marka þær starfsumhverfi íslenskra framleiðslufyrirtækja verulega. Samkeppnishæfni m.t.t. innlendra kostnaðarpátta sveiflast með hagsveiflunni auk þess sem spurn á innlendum markaði gerir það einnig. Augljóslega er það áskorun fyrir framleiðslufyrirtæki að reka sig við slíkar aðstæður. Samtök iðnaðarins hafa ítrekað bent á þetta og þörfina fyrir að auka stöðugleikann í starfsumhverfi fyrirtækja hér á landi en með stöðugleikanum eru skapaðar forsendur fyrir framleiðnivexti og aukinni verðmætasköpun hjá íslenskum fyrirtækjum, ekki síst þeim sem starfa í iðnaði.

NÝSKÖPUN ER LEIÐIN ÁFRAM

Í svörum stjórnenda framleiðslufyrirtækjanna kemur fram áhersla á framleiðni við þessar aðstæður:

- „Til þess að halda í við launaþróun á Íslandi þá þarf að auka framleiðni, sem í okkar tilfalli verður gert með aukinni sjálfvirkni, nokkuð sem er áherslusvið hjá okkur og verður það áfram. Markmiðið er að auka framleiðslugetuna með sama mannskap og við erum með.“
- „Við höfum sett áherslu á að efla framleiðsluna okkar með aukinni sjálfvirkni, þar sem því verður auðveldlega við komið. Markmiðið er að auka afköstin með núverandi mannskap og þar með bæta framlegðina okkar í samkeppni við erlend fyrirtæki á sama markaði.“

Hversu miklu máli skiptir að vinna að nýsköpun fyrir samkeppnishæfni þíns fyrirtækis?




Stjórnendur voru spurðir: „Hversu miklu máli skiptir að vinna að nýsköpun fyrir samkeppnishæfni þíns fyrirtækis?“. 68% svara að sú vinna skiptir mjög miklu eða frekar miklu máli. Ekki nema 9% segja að sú vinna skipti frekar litlu eða mjög litlu máli. Undirstrikar þetta mikilvægi nýsköpunar fyrir fyrirtæki í framleiðsluiðnaðarins en SI hafa lagt mikla áherslu á að bæta skilyrði til nýsköpunar hér á landi og hafa tileinkað árið í ár nýsköpun.

UMHVERFIS- OG LOFTSLAGSMÁL SKIPTA MIKLU

Stjórnendur voru spurðir: „Hversu mikil áhrif hafa breyttar áherslur á sviði umhverfis- og loftslagsmála á rekstur þíns fyrirtækis?“. 39% svara að breyttar áherslur á þessu sviði hafi frekar mikil eða mjög mikil áhrif á rekstur þeirra fyrirtækja. Tæplega 22% segja áhrifin frekar lítil eða mjög lítil. Samtök iðnaðarins hafa beitt sér fyrir umbótum í umhverfismálum og með það að leiðarljósi að Ísland sé fyrirmynd annarra þjóða

Í umhverfismálum sem geti skapað íslenskum iðnaði samkeppnisforskot. Leiðin að minni losun gróðurhúsalofttegunda er eitt af mikilvægustu verkefnum samtímans. Mikill árangur hefur náðst hér á landi á síðustu áratugum, m.a. með nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa til húshitunar og orkuvinnslu.

Hversu mikil áhrif hafa breyttar áherslur á sviði umhverfis- og loftslagsmála á rekstur þíns fyrirtækis?



UM KÖNNUNINA

Outcome gerði könnunina fyrir Samtök iðnaðarins. Könnunin var gerð á tímabilinu 30. janúar til 6. febrúar síðastliðinn. Í úrtaki voru stjórnendur 321 fyrirtækis í framleiðsluiðnaði og svöruðu 75, þannig að svarhlutfall er 23,36%.